

Iðnaðarnefnd Alþingis

Ísafirði 8. maí 2008

Umsögn frá Náttúruverndarsamtökum Vestfjarða  
Mál 553, þingskjal 854

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr 57/1998, með síðari breytingum, og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, með síðari breytingum  
Þskj. 854 – 553.mál.

Náttúruverndarsamtök Vestfjarða hafa fengið mál þetta til umsagnar og tekið það fyrir á fundi sínum 28. apríl 2008.

Samtökin telja að með þessu frumvarpi sé iðnaðarráðherra að framselja hluta af stjórnarsýslu sinni til embættismanna í þessu tilfalli Orkustofnunar. Þó getur aðili máls eftir sem áður kært leyfisveitingu Orkustofnunar til ráðherra. Til þess að skýra betur aðkomu almennings sem vildi hafa eitthvað um ákveðna leyfisveitingu að segja, mætti tiltaka í reglugerð hvernig að þeim málum verður staðið. Að öðru leyti gera Náttúruverndarsamtök Vestfjarða ekki athugasemd við frumvarpið.

Fyrir hönd stjórnar Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða

---

Bryndís Friðgeirsdóttir  
formaður